

ANTIKA EHF 2021

Keflavíkurflugvöllur austursvæðið

Fornleifaskráning vegna framkvæmda

Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1 Nýlega hlaðin varða

Forsíðumynd: Skotbyrgi [1915]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9551-5-9

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundi nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Myndaskrá	4
Inngangur	5
Fornleifaskráning	6
Tilgangur fornleifaskráningar.....	7
Fornleifaskráning og aðferðir	11
Jarðarnúmer	12
Tegund, hlutverk og heiti.....	12
Staðsetning.....	12
Staðhættir og lýsing	12
Hættumat	12
Mótvægisáðgerðir	13
Fornleifar og herminjar á svæðinu	14
Vörður [1917-1918].....	14
Skotbyrgi [1915].....	15
Skotbyrgin [1916].....	16
Samantekt og niðurstöður.....	17

Myndaskrá

Mynd 1 Nýlega hlaðin varða.....	2
Mynd 2 Framkvæmdasvæðið eru rauðu reitirnir.....	6
Mynd 3 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu á Keflavíkurflugvelli.	7
Mynd 4 Skráningarform í grunninum fyrir Keflavíkurflugvöll sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.	11
Mynd 5 Vörður og skotbyrgi.....	13
Mynd 6 Efri varðann [1917] og neðri varðann [1918].....	14
Mynd 7 Einfalt skotbyrgi [1916].....	15
Mynd 8 Byrgin voru mæld upp [1915]	16
Mynd 9 Nyðra byrgið en á forsíðunni má sjá syðra byrgið.....	16

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á austursvæði Keflavíkurflugvallar óskaði Sveinn Valdimarsson, fyrir hönd Landhelgisgæsluna, skýrsluhöfund að meta hvort fornleifar væri að finna á svæðunum og hvort þær yrðu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Um er ræða fimm svæði þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir. Vettvangsvinna fór fram 16. desember 2020 og var allt svæðið gengið.

Árið 2013 fór fram fornleifaskráning¹ vegna aðalskipulagsvinnu við Keflavíkurflugvöll á Austursvæðinu sem undirrituð annaðist ásamt Ómari Smára Ármannssyni, fornleifafræðingi. Í því skipulagi var ekki gert ráð fyrir framkvæmdum á því svæði sem hér um ræðir en við skráðum eigi að síður stóran hluta af svæðinu. Þegar unnið var deiliskipulag fyrir Austursvæðið. *Flugþjónusta - Háaleitssvæði*, þá var aðalskráning endurmetin og það sama á við nú². Þessar skráningar voru skoðaðar áður en haldið var á vettvang.

Ekki voru neinar fornleifar skráðar á þessum svæðum í fyrri skýrslum en svæðið hafði heldur ekki verið allt gengið þá.

Við skráninguna núna fundust tvær fallnar vörður og herminjar, ágætlega varðveitt skotbyrgi og annað lítið byrgi. Vörðurnar eru frekar lítilfjörlegar.

Ekki er ástæða til frekari rannsóknar á þeim. Því er engin fyrirstaða á að framkvæmdir geti ekki hafist.


Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildakönnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundur sá um vettvangsvinnu og heimildavinnu.


¹ Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Keflavíkurflugvelli, 2014. Antikva ehf.

² Ragnheiður Traustadóttir, bréf dagsett 10.ágúst 2016

Fornleifaskráning



Mynd 2 Framkvæmdasvæðið eru rauðu reitirnir.



Mynd 3 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu á Keflavíkurflugvelli.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknnum og vettvangsskráningu fornleifa.

Attribute	Value
Id	315
Name	Vatnshólavarðan
Class	Arkeologískt objekt
Sérheiti	Vatnshólavarðan
Leið	
Bæjarnafn	Melaberg
Sveitarfelag	Sandgerði
Sveitarnr	245
Svæði	Miðnesheiði
Flokkun	Samgönguminjar
Tegund	Varða
Lengd	3.6 meter
Breidd	3 meter
Hæð	1,75 metrar
Athugasemd	Vatnshólavarðan var mið í Keili.
Heimild	
Aldur	Óviss
Aldur fra	
Aldur til	
Mæling	GPS mæling
Ar	2014
Dagur	28.04.2014
GPS hnit N	6400231
GPS hnit V	2240104
Horfin	<None>
Hættumat	Mikil hættu
Hættuorsök	Vegna framkvæmda
Ástand	Heillegar fornleifar
Verkefni	Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar
Deiliskipul	
Minjagildi	Mikið
Fridad	Já

Mynd 4 Skráningarform í grunninum fyrir Keflavíkurflugvöll sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Stafnes.

Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti ef við á Vatnshólavarðan [315] þeirra ef við á og hlutverki þeirra, til dæmis „skotbyrgi [1915]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Antikva ehf. yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í gagnagrunni fyrir Keflavíkur flugvöll.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis vörður [2611-2612].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á minjunum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar

undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki voru það engar fornleifar sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.



Mynd 5 Vörður og skotbyrgi

Fornleifar og herminjar á svæðinu

Vörður [1917-1918]

Tvær vörður rétt hjá hvor annarri og eru þær allar fallnar. Varða [1917] er fallin varða, vörðubotninn er um 1 m í þvermál. Ekki hægt að átta sig á því af hverju það er varðann þarna engin greinileg leið er á svæðinu eða mannvirki sem varðann getur verið kennimark við. Hugsanlega er þetta varða til að merkja greni en oft voru settar þá litlar vörður og fleiri saman. Það eru dæmi um það á Miðnesheiðinni.

Varða [1918] er samt meira eins og steinar sem hafa verið raðaðir upp ofan á hvorn annan. Hugsanlega eru þessir steinar ekki fornleifar og tengjast veru hersins á svæðinu.



Mynd 6 Efri varðann [1917] og neðri varðann [1918]



Mynd 7 Einfalt skotbyrgi [1916]

Skotbyrgi [1915]

Lítið skotbyrgi hlaðið í hálfboga einföld steinaröð og aðeins ein hleðslu umferð. Lengd á byrginu er 1,8 m. Skotbyrgið er á sama svæði og vörðurnar um það bil 145 m suðvestan við þær.



Mynd 8 Byrgin voru mæld upp [1915]

Skotbyrgin [1916]

Skotbyrgin eru eiginlega tvö hlaðið upp við smá grjót hóll. Syðra byrgið er 5,8 m á lengd en hitt nýðra byrgið er 4,8 m.

Veggir eru frá 80 -1,2 m, hleðslan er ekkert sérstaklega vel gerð og þess vegna eru þessi byrgi örugglega frá veru hersins frá 1941-1945. Þau eru samt ágætlega varðveitt og ef ekki þarf að raska þeim þá er það hið besta mál.



Mynd 9 Nýðra byrgið en á forsiðunni má sjá syðra byrgið.

Samantekt og niðurstöður

Það voru aðeins skráðar tvær fornleifar á svæðunum, vörður sem eru fallnar en herminjar voru skráðar á tveimur stöðum, ágætlega varðveitt skotbyrgi og síðan leifar af einföldu skotbyrgi. Herminjarnar eru ekki friðaðar en ef hægt er forðast að raska skotbyrgi [1915] þá væri það gott. Hitt byrgið [1916] er mjög lítilfjörlegt og er skráning á því fullnægjandi.

Ekki er hægt að sjá til hvers þessar vörður [1917-1918] voru hlaðnar ekki er nein leið þarna hjá það er líka hugsanlegt að þær séu ekki svo gamlar en skráning á þeim ætti að vera fullnægjandi og engin frekari rannsókn er þörf. Það getur hugsast að þær séu hlaðnar til að merkja greni en það er þekkt á Miðnesheiðinni.

Ekki er nein ástæða til frekari rannsóknar á svæðinu og ætti því að vera hægt að fara í framkvæmdir en Minjastofnun Íslands verður þó að gefa leyfi fyrir því.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar.

Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdum er haldið áfram.



Minjastofnun Íslands metur eðli minja og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir megi halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“



Framkvæmdasvæði

Keflavík austursvæði



Ko t
N

Antikva ehf.



K a e a e T a s a

k á 2 2 2

a se 2 2



 Loftmyndir ehf.

Skotbyrgi [1915] frá 1941-1945 Keflavík austursvæði			Antikva ehf.		
			K	a	e
			k	á	2 2 2
		Ko t N 2	a	se	2 2



Skotbyrgi og vörður Keflavík austursvæði	0020406080met a	N Ko t N 3	Antikva ehf.	
			K a e a e T a s a	
			k á 2 2 2	
			a se 2 2	